

Í þessu blaði er auglýst útbod á ný- og endurlögn Vestfjarðavegar (60) af Eiði við Vattarfjörð og vestur fyrir Þverá á Kjalafirði. Eftirfarandi texti er sóttur í mismunandi kafla útbodslýsingar og birtur hér til að gefa nokkra mynd af umfangi verksins og tilhögun útbodsverks af þessari stærðargráðu. Nokkrum málsgreinum er breytt.

Verkið

Verkinu er skipt í þrjá verkhluta. Verkhluti 8.01 felst ný- og endurlögn Vestfjarðavegar (60) frá stöð -1.300 austan við Eiði að stöð 14.580 vestan Þverár í Kjalafirði. Í verkhluta 8.02 felst smíði 160 m langrar brúar á Mjóafjörð og í verkhluta 8.03 felst smíði 116 m langrar brúar á Kjalafjörð.

Framkvæmdin er í tveimur sveitarfélögum: Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu og Vesturbyggð í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Vegagerð

Sá kafla Vestfjarðavegar, sem þetta útbod tekur til, er 15,88 km langur. Tengingar við aflagða vegi eða einkavegi eru 7 talsins. Gert er ráð fyrir tveimur áningarstöðum. Kaflinn skal lagður

samkvæmt vegtegund C8 en tengingar samkvæmt vegtegund D. Heildarbreidd 8,0 m og þar af er akbrautin 7,0 m og hvor öxl 0,5 m. Vegurinn verður með 7,8 m breiðu bundnu slitlagi.

Vegurinn er breikkaður í beygjum, þar sem radíus er 400 m eða minni. Axlir eru breikkaðar þar sem vegriða er talin þörf.

Brýr á Mjóafjörð og á Kjalafjörð

Brú á Mjóafjörð er 160 m löng, steipt eftirspennt bitabré í 4 höfum, 37 m löng endahöf og 43 m löng millihöf. Brú á Kjalafjörð er 117 m löng, steipt eftirspennt bitabré í 3 höfum, 37 m löng endahöf og 43 m langt millihöf. Akbraut brúna er 9,0 m breið og bríkur eru 0,5 m. Heildarbreidd brúa er 10,0 m.

Veglína um brúna á Mjóafjörð er í 1.400 m boga í láréttu plani og er með 3,5 % einhliða þverhalla. Í lóðréttu plani er brúin í 15.000 m hæðarboga. Veglína um brú á Kjalafjörð er í 2.500 m boga í láréttu plani og er með 3,5 % einhliða þverhalla. Í lóðréttu plani er brúin í 12.000 m hæðarboga.


Brýrnar verða grundaðar á steiptum staurum. Nauðsynleg lengd staura hefur verið áætluð en áður en hægt er að

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 3. tbl. 20. árg. nr. 581 13. feb. 2012

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbodsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbodsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskriftendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

ákvarða endanlega lengd staura og framleiðslu þeirra og hefja niðurrekstur þarf verktaki að gera vinnuþlan í brúarstöði og akfæra leið frá landi út á vinnuþlan. Verkkaupi mun sjá um að bora rannsóknarholur til að ákvarða endanlega lengd staura sem verkkaupi leggur til. Niðurrekstur staura verður framkvæmdur af vinnuflokki Vegagerðarinnar.

Verkkaupi mun leggja til staura, fullrekna, í undirstöður brúarinnar. Búast má við að 6 vikum eftir að niðurstöður Borróborunar liggja fyrir verði hægt að hefja niðurrekstur staura. Búast má við að niðurreksturinn geti tekið allt að 5 daga fyrir hvern stöpul að jafnaði. Gerður er fyrirvari um að sig fyllingar sé að mestu komið fram þegar niðurrekstur hefst.

Gerð vinnuþlans ásamt fjarlægingu þess er innifalin í verkhluta vegútboðs.

Þegar sökkjar hafa verið steypir skal ganga frá rofvörn við þá í samræmi við uppdætti. Rofvörn skal vera fullfrægengin í brúaropi áður en vinna við yfirbyggingu hefst.

Gerð rofvarnar við brú er innifalin í verkhluta vegútboðs. Vinnuþlan skal fjarlægja niður í hæð -3,0.

Sig og sigmælingar

Vegurinn, nema þar sem hann þverar Mjóafjörð og Kjálkafjörð, liggur víðast á traustri undirstöðu og hvergi gert ráð fyrir sigi við þær aðstæður. Setlög in á sjávarbotni fjarðanna beggja eru veik og reiknað með umtalsverðu sigi. Fylla þarf hægt og varlega ofan á setlög in til að koma í veg fyrir skerbrott. Stöðugleiki setlaganna vex samtímis og þau drenerast undan álaginu. Því er nauðsynlegt að nægur tími til dreiningar sé tryggður. Við dreininguna þjappast eða síga setlög in saman. Stæðni vegfyllinga í fjörðunum er góð eftir að vatnsþrýstingur hefur jafnast út í lok byggingartímans. Á byggingartíma hefur stæðni grjótgarda og fyllinga í sjó á stundum verið slæm og oft brotnað fram, hafi framkvæmdahraði verið of mikill eða álagsþrep of þung. Þá hefur þurft að hætta vinnu þar til sighraði er orðinn innan skilgreindra marka.

Vestfjarðavegur (60), Eiði - Þverá yfirlitsmynd

Útreikningar á stæðni vegfyllingar í Mjóafirði, sé fyllt frá landi á hefðbundinn hátt, leiða í ljós að öryggi gegn skríði verði lágt. Miklar líkur eru á að setlög in á botninum láti undan þunganum og fyllingin skríði fram eða brotni. Því skal fylla í fjörðinn með því að sigla með efnið og sökkva því til botns þar til fyllingin hefur náð upp í kóta -4,0. Þegar fyllingin hefur náð upp í kóta -4,0 eða þeirri hæð ofar, sem verktaki kys að sigla með efni, skal fyllingin hækkuð frá landi og skal keyra út eins lágru fyllingu og sjávaraðstæður (flóð og alda) leyfa og hún síðan hækkuð þegar niðurstöður sigmælinga sýna að það sé óhætt.

Þrátt fyrir að útreikningar á stæðni vegfyllingar í Kjálkafirði bendi til að hugsanlega sé óhætt að fylla í fjörðinn á hefðbundinn hátt þá skal sigla með efnið í fyrsta áfanga, þ.e. skilgreinda undirstöðu, eins og hún er sýnd á langsníðum. Þegar fyllingin hefur náð a.m.k. hæð undirstöðu eða þeirri hæð ofar, sem verktaki kys að sigla með efni, skal fyllingin hækkuð frá landi og skal keyra út eins lágru fyllingu og sjávaraðstæður (flóð og alda) leyfa og hún síðan hækkuð þegar niðurstöður sigmælinga sýna að það sé óhætt.

Sig hefur verið áætlað á grunni jarðvegsborana og mati á efnisgerð út frá bormótstöðu og raka jarðvegs. Til þess að forðast brott setlaganna þarf að líða ákveðinn biðtími á milli álagsþrepa við uppbyggingu fyllingarinnar. Gert er ráð fyrir að ná fram um 70 % af skammtímasigi, fyrir viðkomandi fyllingarlag, áður en næsta lag er sett á fyllinguna. Biðtíminn á milli álagsþrepa er yfirleitt á bilinu 6-8 vikur.

Langtímasig, þ.e. sig að loknum framkvæmdatíma, verður áætlað á grunni jarðvegsathugana og endurskoðað á grunni mælds sigs. Áður en neðra burðarlag verður lagt út skal rétta undirbygginguna af með hliðsjón af reiknuðum yfirhæðum. Áætluð yfirhæð er gefin upp í sigspá og hún síðan endurútfengin í ljósi sigmælinganna, áður en að gerð yfirbyggingar kemur.

Sigspá: Gerð hefur verið sigspá á grundvelli upplýsinga fengnum úr borunum. Meðalsig á byggingartíma er talið verða um 1,2 m í Mjóafirði en um 1,0 m í Kjálkafirði. Langtímasig í báðum fjörðum reiknast um 0,1 m til viðbótar næstu áratugi. Heildarmagn sigs í Mjóafirði er áætlað um

Auglýsingar útboða

Leirnavvegur (243) og breyting

á farvegi Svaðbælisár 12-006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í færslu Svaðbælisár á um 700 m löngum kafla, ásamt gerð tveggja samhliða varnargarða og færslu Leirnavegar.

Helstu magntölur eru:

Fyllingar	21.165 m ³
Neðra burðarlag	2.270 m ³
Grjótvörn	2.300 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 15. maí 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 14. febrúar 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. febrúar 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vestfjarðavegur (60), Eiði - Þverá 11-047

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endur- og nýlögna á 15,88 km kafla Vestfjarðavegar (60) af Eiði við Vattarfjörð og vestur fyrir Þverá á Kjálkafirði og smíði tveggja brúa á þeim kafla; á Mjóafirði (160 m) og Kjálkafirði (117 m). Framkvæmdin er í tveimur sveitarfélögum, Reykhólahreppi í Austur-Barðastrandarsýslu og Vesturbyggð í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Helstu magntölur eru:

Vegagerð	
Fylling og fláafleygar	1.425.000 m ³
Rof- og slettuvörnir	103.000 m ³
Skeringar	1.600.000 m ³
Par af bergskeringar	503.000 m ³
Neðra burðarlag	43.000 m ³
Efra burðarlag	28.000 m ³
Tvöföld klæðing	127.000 m ²
Frágangur fláa	475.000 m ²

Brúasmíði:

Gröftur úr afstífaðri	
gryfju (sponsþili)	2.625 m ³
Mótafletir	5.282 m ²
Slakbent járnalögn	149.520 kg
Spennit járnalögn	65.400 kg
Steypa	2.841 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2015.


Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. febrúar 2012. Verð útboðsgagna er 10.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. mars 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.


40.000 m³ og í Kjálkafirði um 50.000 m³. Þetta magn er innifalið í magntölum fyllingar í tilboðsskrá.

Þessi áætlun um sig verður notuð við magnuppgjör fyllinga í sjó. Verktaki getur þó valið að fá greitt samkvæmt mælingum, sem yrðu á hans kostnað, að fengnu samþykki verkkaupa á mæliaðferð og mælinákvæmni.



Brú á Mjóafjörð

**Brú á Mjóafjörð
vinnuþlan**



Verktaki skal fylgjast með sigi fyllingarinnar með sigstaurum strax og hæð þeirra hefur náð kóta -2,0 og með sigplötum eftir að fyllingar eru komnar upp í kóta 0,5.

Í Mjóafirði skal fyrst siglt með efni fyllingu upp í kóta -8. Síðan skal siglt með efni upp í kóta -4 og að lokum upp í kóta -2. Í Kjálkafirði skal fyrst siglt með efni í fyllingu upp í hannaða hæð undirstöðu. Síðan skal siglt með efni a.m.k. upp í kóta -2.


Vegna siglinga með efni þarf að skapa aðstöðu til að ferma flutningstækin (pramma) beggja vegna í Mjóafirði og að austanverðu í Kjálkafirði.

Miða skal við að hver fyllingarfangi neðan kóta -2 (hvert lag) þurfi að standa um 2 mánuði þar til næsti áfangi kemur. Framvinda verksins verður endurmetin út frá niðurstöðum sigmælinga, ef sigferillinn gefur tilefni til.

Fyllingar ofan kóta -2 skulu unnar á hefðbundin hátt.

Áningarstaður á Litlanesi

Annar af tveimur áningarstöðum sem tilheyra verkinu, Vestfjarðavegur (60), Eiði - Þverá.



Fyllingar skal leggja út í því sem næst láréttum lögum.

Strax og aðstaður leyfa skal koma fyrir sigstraumum og síðar sigplötum.

Á grundvelli niðurstæða sigmælinga verður tíminn milli fyllingarafanga leiðréttur, ef niðurstöður mælinganna gefa tilefni til þess. Niðurrekstur staura vegna brúarsmíði getur ekki hafist fyrr en sigi er nánast lokið.

Straumhraði í vegstæði í Mjóafirði: Sett hefur verið upp reiknilíkan af sjávarfallastraumum í Mjóafirði. Við núverandi ástand (þ.e. miðað við að vatnsop á milli vestur- og austurstrandar fjarðarins) er mesta rennsli á meðalstórstraumi 500 m³/s á útfalli og 600 m³/s á aðfalli. Mesti meðalhraði á meðalstórstraumi verður þá 0,13 m/s. Eftir því sem fyllingin lokar meiru af firðinum, þ.e. skerðir vatnsopið, aukast straumhraðar í réttu hlutfalli við þá skerðingu. Mesti meðalhraði á meðalstórstraumi í brúaropi að lokinni þverun

fjarðarins er 2,0 m/s og búast má við að svipuðum straumhraða verði náð við enda vegfyllingar þegar verið er að ljúka gerð hennar, sé firðinum lokað á stórstraum.

Straumhraði í vegstæði í Kjálkafirði: Sett hefur verið upp reiknilíkan af sjávarfallastraumum í Kjálkafirði. Við núverandi ástand (þ.e. miðað við að vatnsop á milli vestur- og austurstrandar fjarðarins) er mesta rennsli á meðalstórstraumi 500 m³/s á útfalli og 800 m³/s á aðfalli. Mesti meðalhraði á meðalstórstraumi verður þá 0,07 m/s. Eftir því sem fyllingin lengist út í fjörðinn aukast straumhraðar í réttu hlutfalli við skerðingu á vatnsopi. Straumhraði, þegar fyllingarendinn nær að landi við Skeiðsnes eða við lokun fjarðarins, verður álíka og í brúaropinum. Mesti meðalhraði á meðalstórstraum í opi brúar á Kjálkafjörð, að lokinni þverun fjarðarins, verður um 1,8 m/s og er þá miðað við botnkóta -3,0 í brúaropinum.

Umhverfismatsatriði

Lögð er áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan vinnusvæðisins. Öll umferð vinnutækja er bönnuð utan vinnusvæðisins.

Verktaki skal halda raski á gróðri og jarðvegi í lágmarki. Skeringar og námur skulu ekki opnar lengur en nauðsyn krefur. Við allan frágang skal hafa í huga að draga, eins og kostur er, úr áhrifum vindálags á lausan jarðveg. Röskuð svæði skulu sléttuð í samræmi við landslag og halla umhverfisins. Brúnir efnistökusvæða og skeringa skulu aðlagðar að landinu í kring og gerðar ávalar. Við allan frágang skal þess gætt að ekki myndist vatnssuppistöður í skeringum.

Jarðvegi og gróðri skal haldið til haga og jafnað yfir röskuð svæði eins fljótt og kostur er. Afnáam (ofanafýting) á grónum skeringar- og námusvæðum skal tvískipta þannig að svarðlagi, efstu um 0,2 m þykku lagi, skal haldið aðskildu frá annarri

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), steyptr vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, framleiðsla 12-020

Tilboð opnuð 7. febrúar 2012. Framleiðsla á 4-8 m löngum steyptrum vegriðseiningum á vegfyllingu Hringvegur yfir Borgarfjörð. Vegriðseiningarnar skulu afhentar á geymslusvæði á Seleyri við Borgarfjörð. Helstu magnölur eru:

Framleiðsla og flutningur
steinsteyptra vegriðseininga 2.600 m
Lokið skal við að framleiða og afhenda allar vegriðseiningarnar eigi síðar en 15. júní 2012.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Magnús I. Jónsson, Svínavatni	80.000.000	107,4	34.028
---	Áætlaður verktakakostnaður	74.500.000	100,0	28.528
4	Istak hf., Reykjavík	70.062.200	94,0	24.090
3	Loftorka í Borgarnesi ehf.,	57.460.000	77,1	11.488
2	Esju-Einingar ehf, Reykjavík	46.345.250	62,2	373
1	Hraun - Sandur ehf., Reykjavík	45.972.397	61,7	0

Magnús I. Jónsson, Loftorka í Borgarnesi ehf. og Hraun - Sandur ehf. skiluðu einnig inn frávikstilboðum. Auk þess barst frávikstilboð frá Einingarverksmiðjunni ehf. í Reykjavík.

mold eða moldarblönduðu efni. Eftir jöfnun skeringar- og námusvæða verður mold og moldarblönduðu efni jafnað yfir svæðin og að lokum verður svarðlagi jafnað yfir og þannig leitast við að ná upp grenndargróðri

Engum nýjum svæðum má raska á varptíma fugla, frá byrjun maí fram í lok júlí. Verktaki þarf að haga verkum með hliðsjón af þessu ákvæði.

Þjóðendum er bent á að framkvæmdasvæðið nýtur verndar. Sá hluti vegarins, sem er í Reykhólahreppi, er á Náttúruminjaskrá. Sá hluti vegarins, sem er neðan flóðmarka á stórstreymi er innan svæðis, sem verndað er skv. lögum um vernd Breiðafjarðar. Gæta þarf fyllstu varúðar til að koma veg fyrir mengunarslys. Líklegt má telja að helsta hættu á mengunarslysi á framkvæmdatíma, umfram þá sem almenn umferð getur valdið, tengist olíu, s.s. áfyllingu olíu á vélar og tæki, olíuleka frá tækjum og að glussi leki niður bili glussaslöngur. Verktaki er því hvattur til að sinna viðhaldi og eftirliti með markvissum hætti til að lágmarka þessa áhættu.

Verkkaupi mun óska eftir undanþágu umhverfisráðherra þar sem óhjákvæmilega verður að vinna á tímabilinu frá 15. mars til 15. ágúst ár hvert á svæðum, sem eru nær arnarhreiðrum en 500 m. Um er að ræða þrjú svæði þar sem svo háttar til. Að öðrum kosti er engin önnur truflun leyfð en hlotist getur af almennri umferð.

Verkkaupi mun hafa samráð við Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrufræðistofnun Íslands um tilhögun framkvæmda í grennd við arnarhreiður. Við framkvæmdir á svæðinu skal taka mið af hvaða varpstadir arna eru í notkun hverju sinni og sprengingar eða aðrar álíka truflandi aðgerðir verða ekki leyfðar í grennd við arnarhreiður á viðkvæmum tíma skv. 19. gr. laga nr. 64/1994. ■

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
12-034 Vestmannaeyjaferja 2012-2014	2012
12-026 Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012
12-028 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, malbik	2012
12-013 Þingskálavegur (286) 2012	2012
12-012 Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	2012
12-011 Styrkingar og endurbætur á Laugarvatnsvegi (37) og Böðmódsstaðavegi (366) 2012	2012
12-033 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, repave - fræsing og malbik	2012
12-027 Yfirlagnir á Norðvestursvæði, klæðing	2012
12-023 Skagafjarðarvegur (752), Svartá - Stekkjarholt	2012
12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) innan við Snæhvamm	2012
12-031 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012
12-018 Efnisvinnsla á Norðaustursvæði 2012	2012
12-010 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Borg í Grímsnesi	2012
12-025 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) á Vatnsskarði	2012
12-017 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2012, klæðing	2012
12-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, klæðing	2012
12-008 Yfirlagnir á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2012, malbik	2012
12-016 Skíðadalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll og Hofsa - Ytra Hvarf	2012
12-007 Biskupstungnabraut (35), hringtorg við Reykholt	2012
12-021 Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalásá	2012
12-032 Grassláttur á Suðvestursvæði 2012-2013	2012

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
12-015 Borgarfjarðarvegur (94), um Njarðvíkurá	2012
12-005 Héraðsvegir (heimreiðar) í Ásahreppi 2012	2012
12-029 Hringvegur (1), steipt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, uppsetning	2012
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútboð	2012
12-003 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1), Múlakot - Foss	2012
12-024 Styrkingar og endurbætur á Hringvegi (1) norðan Fornahvamms	2012
12-014 Norðausturvegur (85), tenging við Vopnafjörð	2012
12-022 Uxahryggjavegur (52), Gröf - Skarð	2012
11-048 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2012

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
12-002 Girðingar á Suðursvæði 2012	13.02.12	28.02.12
12-006 Leirnavvegur (243) og breytingar á farvegi Svadbælisár	13.02.12	28.02.12
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Pverá	13.02.12	27.03.12
12-001 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2012	30.01.12	14.02.12
12-004 Villingaholtsvegur (305), 2012	30.01.12	14.02.12

11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11	óákveðið
----------------------------------	----------	----------

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
12-020 Hringvegur (1), steipt vegrið á Borgarfjarðarfyllingu, framleiðsla	23.01.12	07.02.12
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11

Samningum lokið	Opnað:	Samið
-----------------	--------	-------

Ekki hefur verið skrifað undir neina samninga frá því síðasta tölublað kom út

Auglýsingar útboða

Vaðlaheiðargöng, eftirlit 11-055

Viðauki 5 við útboðsgögn

Vegna þeirra tafa sem orðið hafa á ákvörðun um hvort ráðist verður í framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hefur verið ákveðið að fresta opnun tilboða í útboðsverkið *Vaðlaheiðargöng eftirlit* enn einu sinni og nú um óákveðinn tíma.

Ef tekin verður ákvörðun um framkvæmd Vaðlaheiðarganga verður útboðið á eftirliti auglýst sérstaklega í Framkvæmdafréttum með þeim breytingum sem óhjákvæmilegar eru vegna frestunarinnar og jafnframt fleirum, en nú þegar hafa keypt útboðsgögn, boðið að taka þátt í útboðinu.

Nýr opnunartími verður í tölupósti einnig kynntur aðilum sem keypt hafa gögn, ásamt breytingum á gögnunum.

Girðingar á Suðursvæði 2012 12-002

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í uppsetningu nýrra girðinga á Suðursvæði 2012.

Helstu magnþölur:

Rif girðinga	1.000 m
Netgirðingar	10.000 m
Grindarhlið	10 stk.
Nethlið	10 stk.
Príflur	2 stk.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2012.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og í Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 13. febrúar 2012. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 28. febrúar 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.